

## Læsteymi

Fundur miðvikudaginn 27. október 2021

**Mættir:** Elsa Marta Ægisdóttir, Rakel Ósk Eckard, Kolbrún Ósk Ásgeirsdóttir, Ásdís Ösp Ólafsdóttir, Sigríður Fjóla Þorsteinsdóttir, Elísabet Inga Kristófersdóttir, Arna Vala Eggarsdóttir, Nína Ósk Kristinsdóttir, Hrafnhildur Þ. Ásgrímsdóttir.

### 1. mál – Lestrarsprettur

Útfærsla á lestrarspretti. Allir bæta við yndislestur og hvetja til aukalesturs heima. Allir bekkir setja sér mínútumarkmið. Byrjum mánudaginn 1. nóv. – síðasti dagur 12. nóvember. Gefum helgina til að lesa, tökum saman tölur mánudaginn 15. nóv.

### 2. mál – Leiðir til að hvetja til lesturs

Fylgjast vel með skiptum á bókum, reyna að finna efni sem nemendur hafa áhuga á. Sinna lestri þó áhuginn sé ekki mikill.

### 3. mál – Lesskilningur

Hafa næsta fund vinnufund og setja niður hugmyndir og útfærslur að markvissara lesskilningsmati og vinnu.